

Vörulýsing

INDUSTRISEMENT

CEM I 52,5 R

INDUSTRISEMENT frá Norcem er sérsement með hröðu hörnunarferli og hentar vel til notkunar í einingaframleiðslu og til framleiðslu steyptra hluta. Auk þess hentar sementið vel til steypugerðar þegar steyp er við lágt hitastig yfir vetrartímann.

Reynslan sýnir að steypa með INDUSTRISEMENT er endingargóð

INDUSTRISEMENT uppfyllir kröfurnar í ÍST EN 197-1:2011 til Portlandsements CEM I 52,5 R.

Upprunavottorð nr.: 1111-DoP-NO11-0415. (Brevik)

Samræmisýfirlýsing nr.: 1111-CPR-0415. (Brevik)

Seinast endurskoðað 2016

Dreifing og geymsla

Sementið er afgreitt í stórsekkjum og í lausu. Geyma skal sementið í þurru og þéttu síló, raki skemmir sementið. Geymslupól sements er 6 mánuðir. Krómatniðurbrotið í sementinu er virkt í 6 mánuði eftir framleiðsludag, svo framalega að sementið er geymt á þurrum og þéttum stað.

Öryggi

Allt sement á að geyma á öruggum stað þar sem börn ná ekki til. Sement er hættulegt berist það í meltingarveg. Berist sement í augu getur það valdið alvarlegum augnskaða. Rakt sement myndar kalsíumhydroxið sem veldur óþægindum á húð og í öndunarfærum. **Öryggisblað** með nánari upplýsingum má finna á heimasíðu Sementsverksmiðjunnar www.sement.is undir flípanum „Sement“.

Tækniupplýsingar

Tæknilegar upplýsingar með viðmiðunargildum er að finna á heimasíðu Sementsverksmiðjunnar www.sement.is undir flípanum „Sement“.

Hörðunarferlið


Hörðunarferlið er grundvallaratriðið við skipulagningu, stýringu og framkvæmd allrar steypuvinnu. Það ræðst af sementstegund, fylliefnum, vatnssementstölu, loftinnihaldi, hörðunaraðstæðum (hitastigi, tíma- og rakastigi) og mögulegri notkun viðbótar- eða íblöndunarefna.

Mynd 1. sýnir dæmi um hörðunarferli steypublöndu með **INDUSTRISEMENT** án íblöndunarefna sem fall af vatnssementstölu og tíma við 20° C.

HÖRÐUNARFERLI (án íblöndunarefna)

Mynd 1.

Þrýstipól (MPa)




Upphafsstyrkur

Upphafsstyrkur í steypu er háður hitastigi og mögulegri notkun íblöndunarefna með seinkunaráhrifum. Mynd 2. Sýnir hörðunarferil steypu með **INDUSTRISEMENT** frá **Norcem** eftir 1 dag með mismunandi vatnssementstölu með og án flotefna (1 % P- efni). Steypublöndurnar eru útbúnar með mismunandi hitastigi.

UPPHAFSSTYRKUR

Mynd 2.

Eins dags þrýstipól (MPa)



Styrkleikaflokkur – Vatnssementstala

Með góðri stýringu við steypuframleiðslu er nauðsynlegt að gera ráð fyrir ca. 7 MPa öryggismörkum við alla styrkleikaflokka til að tryggja nægilegan styrk.

Tafla 1 sýnir leiðbeinandi gildi fyrir minnstu og mestu vatnssementstölu fyrir mismunandi styrkleikaflokka fyrir steypu án loftíblöndunnar þar sem **INDUSTRISEMENT** frá **Norcem** er notað.

STYRKLEIKAFLOKKUR – Vatnssementstala

Tafla 1.

Styrkleikaflokkur	C20/25	C25/30	C30/37	C35/45	C45/55	C55/67
Vatnssementstala lægsta – hæsta	0,70 - 0,79	0,63 - 0,70	0,55 - 0,63	0,47 - 0,55	0,40 - 0,47	0,32 - 0,40



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Mánabraut 20, 300 Akranesi, sími 430 5000, sement@sement.is, sement.is